

Upplýsingastefna Lífsverks

Markmið sjóðsins er að sjóðfélagar fái ávallt réttar, tímanlegar og markvissar upplýsingar um réttindi sín og málefni sjóðsins með rafrænni upplýsingagjöf um sjóðfélagavef á vefsvæði sjóðsins. Almennt efni verður á opnum síðum en sértækara efni um sjóðinn og sjóðfélaga á sjóðfélagavefnum.

Markmið sjóðsins er jafnframt að tryggja gott flæði upplýsinga milli starfsmanna sjóðsins, stjórnarmanna, eftirlitsaðila og nefnda sem starfa í þágu sjóðsins.

Sjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og heiðarleika í innri sem ytri upplýsingagjöf.

Um meðferð persónutengdra upplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd.

Metnaður er lagður í að veita sjóðfélögum hlutlausa og faglega ráðgjöf um lífeyrismál, hvort heldur um fjárfestingarleiðir eða álitamál í tengslum við töku lífeyris. Endanleg ákvörðun um val á fjárfestingarleið er þó ávallt í höndum sjóðfélaga sjálfra.

Fréttabréf til sjóðfélaga skal gefið út tvisvar til þrisvar á ári þar sem ýmsar gagnlegar upplýsingar koma fram. Stent er að því að fréttabréf til sjóðfélaga verði einungis á rafrænu formi.

Sjóðfélagayfirlit skulu send út tvisvar á ári. Stefnt skal að því að yfirlit verði einungis send á rafrænu formi til allra þeirra sem óska eftir því.

Ársskýrsla og ársreikningur skal gefinn út árlega með gagnlegum upplýsingum um stöðu sjóðsins og birt á vefsvæði sjóðsins.

Helstu niðurstöður úr könnuðu hálfársuppgjöri skal birta á vefsvæði sjóðsins og í fréttabréfi.

Upplýsingagjöf til stjórnar, varastjórnar, ytri og innri endurskoðenda, endurskoðunarnefndar og eftirlitsaðila fer fram um vefgátt.

Það er stefna sjóðsins að leita stöðugt leiða til að bæta upplýsingagjöf samhliða því að nýta á hverjum tíma þá tækni sem er hagkvæmust og gagnast sjóðfélögum best í þeim tilgangi.

Samþykkt af stjórn 23. nóvember 2017